

## Námsáætlun í lífsleikni hjá 9.-10. bekk - Ég tímarnir

Tímabil: Haustönn 2017

2 kennslustundir á viku

Kennari: Anna Rósa Friðriksdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir

### Hæfniviðmið, að nemandi:

- Þjálfist í framsögn, að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega.
- Geti sýnt fram á skilning gagnvart ólíkum menningarheimum.
- Geti aflað sér hagnýtra upplýsinga, ígrundað þær og metið.
- Geti gert sér grein fyrir nýtingu umhverfis og hvernig umhverfið hefur áhrif á menninguna..
- Geti fjallað um trúarbrögð, siði, menningu og margbreytileika í heiminum.
- Afli sér hagnýtra upplýsinga, ígrundi þær og meti.
- Geti greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta samfélagsmyndinni.
- Geti sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburði sem hafa áhrif á heimsmyndina.
- Sjái hvernig sagan hefur haft mótandi áhrif á heimsmyndina.
- Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Geti komið þekkingu sinni, skoðunum og viðhorfum á framfæri.
- Geti fengist við samfélagsleg og siðferðisleg málefni af mismunandi sjónahólum.
- Geti rökrétt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins..
- Geti vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt.
- Sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Kennslu- og námsaðferðir og skipulag

Önninni er skipt niður með nokkrum þemaverkefnum sem öll tengjast grunnþáttum samfélagsgreina: Reynsluheimi, hugarheimi og félagsheimi.

Unnið með hæfniviðmið.

Kennarar eru með innlagnir þegar við á, nemendur vinna að mestu í hópum og er einstaklingsframlag metið til jafns við samvinnu. Engin próf eru á önninni, einungis verkefnaskil og kynningar.

Mikil áhersla er lögð á fjölbreytt vinnubrögð og hafa nemendur frjálssar aðferðir við skil verkefna, nemendur eru hvattir til þess að nýta sér tæknina við verkefnavinnu.

## Námsáætlun haustannar 2017

Tímabil	Viðfangsefni	Námsaðferðir/kennsluáðferðir	Annað
21. – 25. ágúst	Gönguferð	Útivist	22. skólasetning kl. 16 23. viðtöl 24. gönguferð/hjólaferð (x2)
28. ágúst – 1. september	Kynningartími/berjamó	Umræður og samvinna.	
4. – 8. september	Veiðiferð í Hörgá	Samvinna og samvera.	
11. – 15. september	Veislan	Nemendum skipt í hópa: elda, baka, leggja á borð.	15. plastlausidagurinn, þemadagur
18. – 22. september	Ofbeldi og mannréttindi, þemaverkefni	Innlögn og hópaskipting, heimildaöflun.	
25. – 29. september	Ofbeldi og mannréttindi, þemaverkefni	Verkefnavinna	
2. – 6. október	Ofbeldi og mannréttindi, þemaverkefni	Verkefnavinna, klára verkefni og undirbúa kynningu.	2. opinn dagur
9. – 13. október	Kynningar hópa	Lokamat og skil	
16. – 20. október	Nemendatími	Nemendur nýta hæfileika sína og áhugasvið og sjá um kennslu og skipulagningu tímana.	19. grunnskólamót á Laugum
23. – 27. október	Starfsdagur, engin kennsla.	Starfsdagur, engin kennsla.	26. starfsdagur 27. haustleyfi
30. október – 3. nóvember	Umhverfi, auðlindir og sjálfbærni, þemaverkefni	Innlögn, hópaskipting og heimildaöflun.	30. haustleyfi 31. hrekkjavökuball í Valsárskóla
6. – 10. nóvember	Umhverfi, auðlindir og sjálfbærni, þemaverkefni	Verkefnavinna, klára verkefni og undirbúa kynningu.	8. baráttudagur gegn einelti

13. – 17. nóvember	Kynningar hópa	Lokamat og skil.	16. dagur íslenskrar tungu
20. – 24. nóvember	Leikritagerð	Hugmyndavinna, umræður og skipulagning. Samvinna.	
27. nóvember – 1. desember	Leikritagerð	Handritagerð, nemendum skipt í hópa.	1. jólamarkaðurinn (x2)
4. – 8. desember	Leikritagerð	Handritagerð, nemendum skipt í hópa.	4. starfsdagur
11. – 15. desember	Laufabrauðsgerð	Jólaþema	14. laufabrauðsdagurinn 15. opinn dagur
18. – 20. desember	Jólafrí	Jólafrí	18. smiðjudagurinn 19. skautadagurinn 20. litlu jólin